



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum. (Þingskjal 165 — 165. mál, 150. löggj.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Samtökin fagna tillögunni um að hefja markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum og styðja heilshugar við að hún verði samþykkt.

Barnaheill telja brýna þörf á slíkri fræðslu, ekki síst í grunnskólum og í samræmi og tengslum við 23. gr. jafnréttislaga, nr. 10/2008 sem fjallar um fræðslu um jafnréttismál.

Öll skref í átt að meiri þekkingu á mannréttindum og mannréttindum barna sérstaklega, færni í heilbrigðum samskiptum og í aukinni virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti einstaklinga eru farsæl skref að mati samtakanna.

Barnaheill hafa tekið þátt í samráði um forvarnir og fræðslu gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem fram hefur farið á undanförunum vikum og mánuðum á vegum nefndar um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu um þau mál. Barnaheill hvetja til þess að fylgst verði með tillögum sem fram munu koma frá nefndinni og að hlustað verði eftir að aðgerðir ráðuneyta sem lagðar eru til með þessari þingsályktunartillögu séu í takt við starf nefndarinnar og öfugt.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hvetja til þess að kynning og fræðsla um mannréttindi þeirra í víðum skilningi sé markviss og virk og nái til allra samfélagsþegna, þó allra helst barna og foreldra.